

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 21. júní 2018
UST201806-033/R.K.
10.05.00

Efni: Matsskyldufyrirspurn - Svartvatn á Hólasandi - hreinsun og endurnýting

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Ráðgert er að safna svartvatni í fráveitu á Mývatnssvæðinu og endurnýta næringarefni þess til uppgræðslu á Hólasandi í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Um er að ræða vistfræðilegar salernis- og skólphreinsilausnir í Skútustaðahreppi. Svartvatnið (sá hluti skólps sem kemur frá salernum) er sótt með sérútbúnum bílum, haugsugum, það grófhreinsað (síað) og sett í stóran geymslutank á Hólasandi, 14.000 ha sandsvæði, og plægt niður á skilgreindum uppgræðslusvæðum yfir sumarmánuðina. Fyrir framkvæmdina verða flutt 3.500 m³ af seyru á Hólasand, með viðmið um 30 tonn á hektarann (til að ná 150kgN/ha) og þar með verður dreift á 105 hektara á ári (viðauki II, bls.59). Með því að hreinsa og endurnýta svartvatnið sem áburð er stefnt að því að draga verulega úr losun skólps á vatnasviði Mývatns og Laxár og minnka þar með þá losun næringarefna sem hægt er að stýra skv. greinargerð.

Helstu mannvirki eru fyrirhuguð á Hólasandi og eru geymslutankur svartvatns, uppgráfin slóði að svæði og aðstaða fyrir starfsmenn. Í því felst salerni, handþvottaaðstaða, aðstaða til að skipta um föt og kaffistofa (bls. 19). Þá verður geymslutankur svartvatns hálfniðurgráfinn og yfirbyggður, 5-6 m djúpur og tekur 2.000 m³. Tankurinn verður staðsettur við efnanámu á svæðinu sem er skilreind í aðalskipulagi (bls. 25). Slóðinn frá þjóðvegi að landgræðslusvæði á Hólasandi verður 1,1 km að lengd, 4-5 metra breiður og upphækkaður um 1 m. Efni í slóðann, áætlað 9000 m³, verður tekið úr námu sem er á svæðinu (bls. 20).

Umhverfisáhrif

Skv. reglugerð 799/1999 er heimilt að nýta óhreinsaða seyru til uppgræðslu fjarri mannbústöðum og utan alfraleiða. Í fyrirhugaðri framkvæmd verður séð til þess að landgræðslusvæðinu á Hólasandi, þar sem svartvatn er endurnýtt, sé lokað almenningi og skepnum (bls. 14). Helstu umhverfisáhrif eru mengun grunnvatns, ásýnd og lyktarmengun.

Grunnvatnsmengun

Fram kemur í greinargerð að svæðið er utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár en innan vatnasviðs Mývatns og Laxár þar sem forðast skal að valda spjöllum á vatnasviðinu sbr. 4 gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu (bls. 21). Stofnunin minnir á 18. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu um varnir gegn mengun á vatnasviði Mývatns og Laxár. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í ofangreindri 4. gr. laga nr. 97/2004 segir: „*Forðast skal að valda spjöllum á vatnasviði Mývatns og Laxár sem raskað gætu vernd vatnsins og árinna samkvæmt ákvæðum laga þessara, sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns*“.

Hólasandur liggur í 300-400 m h.y.s og engir lækir renna út af svæðinu en leysingarvatn sækir að mestu leyti í grunnvatn skv. greinargerð (bls. 28). Meðhöndlun svartvatns verður í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru skv. greinargerð (bls. 15). Þá kemur einnig fram að rannsóknarniðurstöður liggja fyrir um jarðfræði Hólasands þar sem jarðvegurinn einkennist víða af þykkum lögum af þéttum jökulruðningi sem hleypir illa í gegnum sig mengunarefnum (bls. 31). Þá segir: „[...] *valin verða svæði þar sem jarðvegur er þéttur til að að takmarka líkur á útskolun næringarefna með regn- og leysingarvatni niður í grunnvatn*“ (bls. 31). Hins vegar er óljóst í greinargerð hvernig þétt jarðlög munu hreinsa út næringarefni á við köfnunarefni. Þar sem ekki mun fara fram sérstök hreinsun á köfnunarefni er það mat Umhverfisstofnunar að skýra þurfi frekar hvernig þétt jarðlög Hólasands munu geta komið í veg fyrir að köfnunarefni mengi grunnvatn. Stofnunin vekur athygli á því að í greinargerð er ekki umfjöllun um samlegðaráhrif útskolunar næringarefna við landbúnað á svæðinu.

Ráðgert er að dreifa svartvanti á tvö svæði á suður hluta Hólasands skv. greinargerð mynd 8 bls. 25. Í greinargerð segir: „*Frá syðri hluta Hólasands er stefna grunnvatnssteymis mestmegnis í suðvestur, í átt að Laxárdal og Sandvatni, en frá nyrðri hluta Hólasands í norðvestur*“ (bls. 28). Umhverfisstofnun bendir á að skv. mynd 12 (bls. 30) liggur grunnvatnsstefna á suður hluta Hólasands til norðurs en ekki í átt að Sandvatni og stangast því á við ofangreinda staðhæfingu. Skv. reiknilíkani Verkfræðistofunnar Vataskila liggja grunnvatnsvatnaskil um Hólasand þar sem grunnvatn skilar sér annars vegar til Mývatns og Laxár og svo til norðurs í átt að Þeistareykjum. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggj sé að fyrirhuguð svæði á Hólasandi, þar sem nýta á svartvatn til uppgræðslu, séu ekki á aðrenslissvæði grunnvatns að Mývatnissvæðinu. Ekki er æskilegt að nýta svartvatn við uppgræðslu innan grunnvatnssviðs Mývatns og Laxár að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur óvissu vera um afdrif næringarefna sem dreift verður á suður hluta Hólasands og að hætta sé á að næringarefni komist í grunnvatn sem er innan grunnvatnassviðs Mývatns og Laxár. Þá telur stofnunin ekki nægilega vel útskýrt

í greinargerð hvers vegna dreifing svartvatns sé álitlegust á suður hluta sandsins fremur en norður hluta þess þar sem grunnvatnsstefna liggur í átt frá vatnavæði Mývatns. Umhverfisstofnun telur að val á svæði til dreifingar svartvatns ætti að takmarka hættu á mengun grunnvatns innan grunnvatnsskila Mývatns sbr. vernd í ofangreindu ákvæði 4. gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vöktun uppgræðslusvæðis á Hólasandi verði skilvirk svo hægt sé að komast í veg fyrir útskolun næringarefna líkt og fjallað er um í greinargerð (bls. 32 og 40). Enn fremur telur stofnunin að staðsetning dreifingar þurfi að lágmarka líkur á að næringarefni mengi grunnvatn sem leiðir í Mývatn líkt og áður sagði. Þá kemur fram að eftirlit með mengunarþáttum, sérstaklega útskolun næringarefna, verða á ábyrgð sveitarfélagsins í samstarfi við Landgræðslu ríkisins (bls. 41). Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð verði ítarleg vöktunaráætlun fyrir útskolun næringarefna á Hólasandi til að koma í veg fyrir mengun grunnvatns vatnasviðs Mývatns.

Lyktarmengun

Fram kemur í greinargerð að áhrif lyktarmengunar frá uppgræðslusvæði séu óveruleg vegna fjarlægðar svæðisins við byggð (bls. 39). Auk þess takmarkast hætta á loftmengun þar sem safntankur verður yfirbyggður til að lágmarka sótt- og lyktarmengun frá honum (bls. 19). Umhverfisstofnun telur áhrif lyktarmengunar í íbúabyggð vegna framkvæmdar vera óveruleg.

Ásýnd

Safntankur verður niðurgrafin að hluta en 2 efstu metrar tanksins verða sýnilegir ofanjarðar skv. greinargerð (bls. 34). Auk þess er ráðgert að byggja upp á svæðinu áður nefnd mannvirki vegna uppgræðslu á Hólasandi. Umhverfisstofnun telur út frá ástandi landsvæðis og eðli framkvæmdar að áhrif framkvæmdar á ásýnd verði óveruleg og mögulega helur jákvæð ef vel tekst til við uppgræðslu svæðisins.

Leyfi

Í kafla 3.5 í greinargerð (bls. 24) er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð og eru talin upp leyfi sveitafélagsins, landeigenda og heilbrigðisnefndar. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 3. gr. laga um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum sem haft geta áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag á landsvæði því sem um getur í 1. mgr. 2. gr. laganna.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur áhrif framkvæmdar á loftgæði og ásýnd vera óveruleg. Ávinningur framkvæmdar er uppgræðsla örfoka sanda, þar með verður dregið úr sandfoki auk þess sem framkvæmdin minnkar losun skólps innan vatnasviðs Mývatns og Laxár og getur þar með minnkað losun næringarefna, einkum köfnunarefnis og fósförs, í viðtakann sem Umhverfisstofnun telur vera jákvætt. Hins vegar telur stofnunin nauðsynlegt að tryggja að valin svæði til dreifingar svartvatns séu ekki á aðrennslissvæði grunnvatns innan vatnasviðs Mývatns og Laxár. Þetta sé ekki gert með vali á dreifingarsvæði á suður hluta Hólasands og því ríkir óvissa um þennan þátt sem getur valdið umtalsverðum


umhverfisáhrifum. Stofnunin telur ekki nægar upplýsingar liggja fyrir um áhrif dreifingar svartvatns vegna útskolunar næringarefna í grunnvatn sem leiðir til vemdarsvæðis Mývatns og Laxár og kallar því eftir frekari upplýsingum um það atriði áður en stofnunin tekur afstöðu um hvort fyrirhuguð framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri